



## ÍSAFJARÐARBÆR

### Reglur um kaup á skjávinnugleraugum

1. Vinnureglur þessar eru settar samkvæmt reglum um skjávinnum nr. 498/1994 frá 31. ágúst 1994, sem félagsmálaráðuneytið hefur gefið út.
2. Reglur þessar taka til þeirra starfsmanna sem iðulega nota skjái við umtalsverðan hluta vinnu sinnar, sbr. 9. gr. regnanna.
3. Ef líklegt þykir að starfsmaður þurfi sérstök skjávinnugleraugu vegna vinnu sinnar ber honum að fá samþykki yfirmanns til að gangast undir sjónpróf hjá viðurkenndum aðila, og skoðun hjá augnlækni í kjölfarið, ef niðurstöður prófsins gefa til kynna að þess þurfi.
4. Augnlæknir staðfestir að starfsmaður þurfi á sérstökum búnaði að halda vegna skjávinnu, svo sem sérstök gleraugu (fyrir utan venjuleg gleraugu starfsmanns) og metur hvort nauðsynlegt sé að starfsmaður noti gleraugu með tví- eða fleirskiptum brennivíddum.
5. Þurfi starfsmaður, að mati augnlæknis, nauðsynlega á búnaði til sjónleiðréttingar að halda vegna skjávinnu sérstaklega, ber honum að snúa sér til yfirmanns síns með beiðni um kaup á slíkum búnaði, áður en búnaðurinn er keyptur. Búnaðurinn telst eign Ísafjarðarbæjar enda tekur sveitarfélagið þátt í kostnaði hans. Hlutur Ísafjarðarbæjar getur aldrei orðið meiri en sem nemur lágmarkskostnaði.
6. Yfirmaður staðfestir á þar til gerðu *umsóknareyðublaði* að starfsmaður vinni umtalsverðan hluta vinnu sinnar við skjá og að hann hafi fengið samþykki til sjónprófs. Ísafjarðarbær greiðir sjónpróf hjá augnlækni gegn framvísun kvittunar, greiði Sjúkratryggingar Íslands ekki fyrir prófið. Umsóknareyðublaðið skal svo senda til mannauðsstjóra þegar niðurstaða úr sjónprófi liggur fyrir og yfirmaður og sviðsstjóri hafa lagt formlegt mat á umsóknina á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.
7. Ísafjarðarbær greiðir aðeins fyrir þann lágmarksbúnað sem unnt er að komast af með. Hafi starfsmaður sérstakar óskir í þessum efnum, svo sem um sérstaka umgjörð, verður hlutur vinnuveitanda í kaupunum aldrei meiri en sem nemur þeim lágmarkskostnaði sem unnt hefði verið að komast af með.